

Fundur skipulags- og samgönguráðs 30. júní 2021:

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um fund varðandi Arnarnesveg - US210189

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að skipulagsyfirvöld beiti sér fyrir að haldinn verði sameiginlegur fundur með Vinum Vatnsendahvarfs, Betri samgöngum og Vegagerðinni þar sem rætt verður um fyrirhugaða lagningu 3ja. áfanga Arnarnesvegur og þeirra áhrifa sem lagning hraðbrautarinnar hefur á Vatnsendahvarfið, nærliggjandi umhverfi og umferð. Að baki Vinum Vatnsendahvarfs standa mörg hundruð manns. Byggja á framkvæmdina á 18 ára gömlu umhverfismati. Marg ítrekað hefur verið óskað eftir að nýtt umhverfismat verði gert.

Vatnsendahvarfið er náttúruperla og dýrmætt grænt svæði sem liggur á mótum Reykjavíkur og Kópavogs. Svæðið er mikið nýtt útivistarsvæði og útsýnissvæði íbúa nágrennisins. Einnig er Vatnsendahvarfið varpland fjölmargra fuglategunda, þar á meðal lóu, hrossagauka og spóa. Fyrirhugaður 3. kafli Arnarnesvegur mun koma til með að skera Vatnsendahvarfið í tvennt og breyta ásýnd þess og notagildi. Umhverfismat sem framkvæmdin á að byggja á er frá 2003. Á þessum tæpum tveimur áratugum hefur mikið breyst á svæðinu auk þess sem ekki liggur fullljóst fyrir hvaða áhrif þessi framkvæmd hefur á umhverfi, útivist, umferð og hljóðvist.

Greinargerð

Samkvæmt nýju hverfisskipulagi Breiðholts sést einnig vel að Arnarnesvegur mun liggja þétt upp við fyrirhugaðan Vetrargarð. Sleðabrautin, sem líklegt er að yngstu börnin muni nota mest, mun liggja næst fjögurra akreina stofnbrautinni og tvöföldu hringtorgi. Það getur varla samræmst lýðheilsusjónarmiðum sveitarfélaganna að setja leiksvæði barna á horn tveggja stofnbrauta með samtals tíu akreinar.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur bent á að þetta sé varhugavert og þurfi að skoða vel hvaða áhrif mengunin frá veginum muni hafa á viðkvæm lungu barnanna sem leika sér í návígi við veginn. Ekkert umhverfismat um það liggur fyrir, því ekki var gert ráð fyrir Vetrargarðinum í fyrra umhverfismati sem er nær tveggja áratuga gamalt. Umferð um veginn mun einnig fljótt fara yfir efri mörk sem áætluð voru á þessu umhverfismati. Fjölmargir íbúar nágrennisins hafa lýst yfir miklum áhyggjum vegna þessara vegafamkvæmda. Vegurinn eins og hann er skipulagður í dag er ekkert annað en stórfelld og óafturkræf skipulagsmistök, og ógn við lýðheilsu íbúa. Vegalagningunni hefur verið mótmælt af íbúum á öllum skipulagsstigum undanfarin 40 ár. Umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur og íbúaráð Breiðholts hafa kallað eftir því að nýtt umhverfismat verði gert fyrir þessa framkvæmd. Vinir Vatnsendahvarfs taka undir það og telja mikla þörf á endurgerð umhverfismatsins. Mörg önnur brýn samgönguverkefni þyrfti að setja frammar á forgangslistann en 3. kaffla Arnarnesvegur svo sem breikkun Beiðholtsbrautarinnar að Rauðavatni. Breiðholtsbrautin er þegar sprungin sem umferðaræð, og að bæta öðrum ljósastýrðum gatnamótum á veginn myndi skapa enn fleiri vandamál. Einnig er mikilvægt að skoða vel möguleikann á að grafa 3. kaffla Arnarnesvegur í göng eða leggja í stökk, bæði til að vernda umhverfið og einnig lýðheilsu íbúa. Það þarf algjöra endurskoðun á þessari vegalagningu með heildarmyndina í huga. Áherslur í umhverfismálum og samgöngumátum á þessum áratugum hafa breyst sem nauðsynlegt er að taka með inn í myndina.